



Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið.

Sent rafrænt í samráðsgátt stjórnvalda.

Reykjavík, 27. maí 2020.

Málsnr.: 200518-0078.

Efni: Drög að reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum, mál nr. 100/2020

Í drögunum er gert ráð fyrir að innra eftirlit sjókvíaeldisstöðva skuli m.a. fela í sér vöktun á viðkomu laxa- og fiskilúsar og ef niðurstaða talningar laxalúsar leiðir í ljós að meðaltals fjöldi kynþroska kvenlúsa innan viðkomandi svæðis sé meiri en sem nemur þremur lúsum á hvern fisk tvö samliggjandi talningatímabil í röð skuli rekstrarleyfishafi tilkynna það til Matvælastofnunar, sem skal þá meta hvort og þá hvaða aðgerða er þörf.

Þessi tillaga ráðuneytisins er með miklum ólíkindum. Í löndum sem Ísland er borið saman við eru þessi mörk miklu lægri. Til dæmis í Noregi er gert ráð fyrir að það eigi alltaf að vera færri en 0,2-0,5 kynþroska kvenlús á hverjum fiski að meðaltali. Í þessum fyrirbyggjandi reglugerðardrögum er gerð tillaga um að þessi mörk hér á landi verði 6-15 sinnum hærri. Það er vandséð hvernig stendur á því að nú liggi fyrir tillaga sem er algjörlega úr takti við það sem reynsla annarra þjóða gefur til kynna um hvenær er nauðsynlegt að bregðast við vandamálum tengdum laxalús. Meira að segja sjókvíaeldisfyrirtækjunum sjálfum finnst tillaga ráðuneytisins um þröskuldsgildi fráleit. Arnarlax ehf. hefur veitt umsögn um drögin og leggur til að mörkin verði umtalsvert lægri.

Laxalús er viðvarandi og alvarlegt vandamál í sjókvíaeldi á Íslandi. Eldisfyrirtækin héldu því lengi fram að laxalús yrði ekki vandamál á Íslandi þar sem sjórinn væri of kaldur. Það reyndist rangt. Nú er laxalús orðið slíkt vandamál í laxeldi á Íslandi að nota þarf eitur til þess að vinna bug á henni. Fullyrðingar eldisfyrirtækjanna hafa ekki staðist og með stórfelldri aukningu laxeldis á Íslandi á næstu árum munu vandamál tengd laxalús aukast. Þar af leiðandi mun notkun eiturs jafnframt aukast. Laxalús er orðin viðvarandi vandamál og til þess að halda henni í skefjum er eitri hellt út í íslenska náttúru.

Landssamband veiðifélaga gerir þessar athugasemdir og kröfur en áskilur sér rétt til þess að gera frekari athugasemdir þegar ráðuneytið hefur tekið tillit til fram kominna athugasemda í samráðsgáttinni. Landssambandið telur að þær breytingar sem þarf að gera á drögunum séu svo viðamiklar að ráðuneytið verði að birta ný drög til umsagnar.


1. Landssamband veiðifélaga óskar eftir því að upplýst verði um á hvaða forsendum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið leggur til framangreind mörk verði sett við þrjár kynþroska kvenlús. Ef mörkin eru sett á grundvelli tillögu frá Matvælastofnun er óskað eftir afriti af bréflægum samskiptum um það efni.
2. Landssamband veiðifélaga telur að líta verði til reglna hjá þeim þjóðum sem hafa reynslu af mikilli skaðsemi laxalúsar. Í Noregi eru mörkin 0,2-0,5 eftir tímabilum og svæðum.

- a. Það er nauðsynlegt að ráðuneytið skoði sérstaklega hvort ástæða er til að hafa mismunandi mörk eftir svæðum. Til dæmis gætu aðstæður verið með öðrum hætti í Ísafjarðardjúpi þar sem Hafrannsóknarstofnun hefur nýverið lagt til að laxeldi í sjókvíum verði heimilað.
 - b. Það er eðlilegt að mörkin verði mishá eftir tímabilum. Eins og fram kemur í umsögn Arnarlax um reglugerðardrögin mega kynþroska kvenlýs með eggjastrengi ekki fara yfir 0,1 að meðaltali á hvern fisk samkvæmt staðlinum Aquaculture Stewardship Council þegar villtir laxfiskar leita til sjávar. Það er með hreinum ólíkindum að íslensk stjórnvöld leggi til að mörkin verði 30 sinnum hærri en samkvæmt þessum staðli, óháð tímabilum. Staðlar NASCO gera einnig ráð fyrir þröskuldsgildinu 0,1. Með réttu ættu íslensk stjórnvöld að miða við þessi sömu mörk og að þau verði 0,1 á göngutíma laxa en hugsanlega lítið hærri á öðrum tímabilum.
3. Það er nauðsynlegt að kveðið verði á um það í reglugerðinni að rekstrarleyfishafi skuli gera ráðstafanir til þess að tryggja að fjöldi laxalúsa fari ekki yfir mörkin.
 4. Í reglugerðinni ætti að kveða á um hvað skuli felast í þessum ráðstöfunum til þess að tryggja að fjöldi laxalúsa fari ekki yfir mörkin.
 5. Það er nauðsynlegt að kveða skýrar á um það til hvaða aðgerða á að grípa ef fjöldi laxalúsa reynist yfir mörkum. Í Noregi er til dæmis kveðið á um að fiski skuli slátrað ef það reynist nauðsynlegt. Það er ekki ásættanlegt að Matvælastofnun hafi nánast frjálst mat um það hvort og þá til hvaða aðgerða skuli gripið.
 6. Í drögunum kemur ekki fram hvað felst í hugtakinu „talningartímabil“. Úr því þarf að bæta. Um þetta er einnig hægt að vísa til norsku reglugerðarinnar sem gera ráð fyrir að lús sé talin á ýmist 7 eða 14 daga fresti, eftir hitastigi sjávar.
 7. Kveða ætti á um að niðurstaða talningar verði birt á vefsíðu Matvælastofnunar eigi síðar en einni viku eftir talningu.

Um laxalús í norsku sjókvíaeldi gildir reglugerð nr. 1140/2012 (Forskrift om bekjempelse av lakselus i akvakulturanlegg). Í henni er að finna talsvert strangari ákvæði og víðtækari umfjöllun um laxalús í sjókvíaeldi. Það er alvarlegt mál ef íslensk stjórnvöld hyggjast ekki að neinu leyti taka mið af norskum reglum sem gilda um þetta efni.

Í ljósi alls framangreinds telur Landssamband veiðifélaga að atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið þurfi að semja nýja reglugerð í heild sinni. Reglugerðardrögin eins og þau liggja fyrir eru ónothæf.

Virðingarfyllst,



Elías Blöndal Guðjónsson,
framkvæmdastjóri